

25. janúar 2005:

Afgreiðsla umsókna um styrki til úrbóta í umhverfismálum

Alls bárust Ferðamálaráði 146 umsóknir um styrki til úrbóta á ferðamannastöðum á yfirstandandi ári en auglýst var eftir umsóknum um styrki um miðjan desember síðastliðinn. Umsóknirnar voru afgreiddar á fundi Ferðamálaráðs í dag og hlutu 53 verkefni styrk að þessu sinni. Til úthlutunar voru samtals um 40 milljónir króna sem skiptist í þrjá flokka en sótt var um samtals 236.482.000 krónur.

Minni verkefni

Í flokknum **minni verkefni** gátu styrkir að hámarki numið 500 þúsund krónum og eingöngu til efniskaupa. Að þessu sinni var tekið fram að áherslan væri á uppbyggingu gönguleiða. Alls bárust 89 umsóknir en 39 aðilar fengu styrk, samtals að upphæð 11.150.000. Af því leiðir að mörgum verðugum verkefnum varð að hafna að þessu sinni. Þetta er sama reynsla og fengist hefur á undangengnum árum þar sem fjárhæð umsókna hefur verið margföld sú upphæð sem verið hefur til ráðstöfunar.

Stærri verkefni á fjölsóttum ferðamannastöðum

Í flokkinn **stærri verkefni á fjölsóttum ferðamannastöðum** bárust 27 umsóknir og hlutu 8 verkefni styrk, samtals að upphæð 19.200.000 krónur. Hér er um það að ræða að umsækjendur stýra framkvæmdum sjálfir og svæðin verða í umsjón eða eigu styrkþega eftir að framkvæmdum lýkur.

Uppbygging á nýjum svæðum

Í þriðja flokkinn, **uppbygging á nýjum svæðum**, bárust 30 umsóknir. Úthlutað var 9.750.000 krónum sem skiptast á 6 verkefni.

Framkvæmdir á um 300 stöðum á landinu

Þess má geta að Ferðamálaráð hefur víða komið að málum þegar umhverfismál eru annars vegar. Þannig hafa á síðustu 10 árum þeir fjármunir sem Ferðamálaráð hefur varið til umhverfismála nýst til framkvæmda á rétt um 300 stöðum um allt land, bæði í formi styrkja og þar sem Ferðamálaráð hefur komið beint að framkvæmdum.

Valur Þór Hilmarsson, umhverfisfulltrúi Ferðamálaráðs, segir umsóknarferlið hafa gengið vel fyrir sig í ár og greinilegt að nýtt verklag við útteilingu þessara fjármuna, sem nú var unnið eftir í annað sinn, sé að skila tilætluðum árangri. "Almennt séð eru umsóknir betur unnar en áður. Hins vegar er ljóst að mörg verðug verkefni verða að bíða að þessu sinni og vissulega er alltaf erfitt að geta ekki orðið við góðum umsóknum," segir Valur.

Meðfylgjandi er listi yfir þau verkefni sem hlutu styrk að þessu sinni.

Styrkir til minni verkefna			
Sveitarfélag / Svæði	Verkefni	Umsækjendur	Styrkir
Austur Skaftafellssýsla	Tilraunarverke. Fjölnota stígar	FB. Brunnóli og Háskólasetrið Höfn	300.000

Austur Skaftafellssýsla	Upplýsingaskilti um gönguleiðir á Haukafell	Skógræktarfélag A - Skaftafellss.	50.000
Möðrudalur á Fjöllum	Skilti og stikun gönguleiða	Fjalladýrð ehf.	200.000
Eldgjá	Vatnssalerni við Skælinga	Útivist ferðafélag	400.000
Akureyri	Tenging gönguleiða á Súlu frá útivistarsvæði	Hamrar, útilífs- og umhverfismiðstöð	200.000
Fnjóskadalur	Gönguleiðir og áningarstaðir í landi Draflastaða	Sigurður Arnar Jónsson	200.000
Mývatn	Fjallahjólaleið: Reykjahlíð - Bjarnaflag	Landeigendur Reykjahlíð	200.000
Ólafsfjörður	Útivistarkort: Svarfaðardalur- Héðinsfjörður	Ólafsfjarðarbær	500.000
Siglufjörður	Útivistarkort: Fljót - Héðinsfjörður	Siglufjarðarbær	500.000
Tröllaskagi	Göngukort af miðjum Tröllaskaga	Sv.fél. Við Tröllaskaga / Hólar	500.000
Pingeyjasýslur	Útivistakort af Norðurlandi eystra	Atv. þróunarfélag Pingeyinga	500.000
Skagafjörður	Sögusvið Sturlungu, fræðslustígar	Magnús Andrésson	200.000
Skagafjörður	Endurbætur á vegi að veiðivötnum á Skaga	Bjarni Egilsson	200.000
Skagafjörður	Endurbætur á Grettislaug	Jón Eiríksson	500.000
Skagi	Gönguleiðin Þríhyrningur: Skagast./Blönd./Sauðár.	SSNV Atvinnuþróun	100.000
Vatnsdalur	Merkingar á söguslóðum Vatnsdælu	Starfshópur "Á söguslóðum Vatnsdælu"	200.000
Austur-Flói	Áningaraðstaða við sögustaði í A-Flóa	Ferðamálanefnd Austur-Flóa	500.000
Bláfjöll	Gróðurvernd og öryggisgirðingar við Þríhnúk	Kópavogsbær	500.000
Eyjafjöll	Gönguleiðir um Ásólfskálaheiði	Eigendur Ásólfskálaheiðar	200.000
Haukadalur	Skógarstígar fyrir hreyfihamlaða, Haukadalsskógur	Sjálfsbjörg Árnassýslu	200.000
Hella	Endurbætur á hellum við Ægissíðu	Atv. og ferðamálafltr. Rangárþings	200.000
Hrunamannahreppur	Í fótspor Fjalla-Eyvindar	Ferða- og íþróttanefnd Hrunamanna	300.000
Rangárþing - Mýrdalur	Fræðslustígar í Rangárþingi og Mýrdal	Atv. og ferðamálafltr. Rangárþings	500.000
Skaftárhreppur	Fræðslustígar Höfn - Klaustur, tilraunaverkefni	Skaftárhreppur	300.000
Skaftárhreppur	Göngustígar í næsta nágrenni við Kirkjubæjarklaustur	Skaftárhreppur	100.000
Skeiða- og Gnúpverjahar.	Fræðsluskilti við gönguleið að Háafossi	Skeiða- og Gnúpverjahreppi	200.000
Vestmannaeyjar	Göngukort og merkingar á gönguleiðum	Nýsköpunarstofa Vestmannaeyja	300.000
Álftafjörður	Merking gönguleiða og brúargerð	Göngufélag Súðavíkur	150.000

Breiðafjörður	Sögu- og náttúrufræði skilti í Flatey	Reykhólahreppur	300.000
Hornstrandir	Viðhald neyðaskýlis í Aðalvík	Björgunarsveitin Ernir	500.000
Hornstrandir	Upplýsingamyndband um Hornstrandir	Ísafjarðarbær	150.000
Hornstrandir	Uppbygging gönguleiða á Hornströndum	Ísafjarðarbær	300.000
Reykhólasveit	Fuglaskoðunaraðstaða á Reykhólum	Reykhólahreppur	300.000
Reykhólahreppur	3 Söguskilti í Dalasýslu og Reykhólahrepp	Ferðam.fél Dala og Reykhóla	300.000
Suðureyri	Gönguleiðir milli byggðalaga - söguferðir	Hvildarklettur ehf.	200.000
Vesturbyggð	Gönguleiðir um Kollsvík	Sigríður Guðbjartsdóttir	200.000
Vigur	Öryggishandrið við göngustíg	Félagsbúið Vigur	200.000
Snæfellsnes	Upplýsingaskilti við Kirkjufell	Framkvæmdaráð Snæfellsness	300.000
Snæfellsnes	Gönguleiðir og önefnaþerkingar við Stykkirhólm	Efling Stykkishólmi	200.000
			11.150.000
Styrkir til fjölsótttra svæða			
Sveitarfélag / svæði	Verkefni	Umsækjendur	Styrkir
Kverkfjöll	Neysluvatnsöflun í Kverkfjöllum	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Húsvíkur	1.000.000
Mývatn	Gönguleiðir, brýr og pallar við Leirhnjúk	Landeigendur Reykjahlíð	2.000.000
Mývatn	Byggja timburstíg um hverasvæðið við Hveri (Hveraröndin)	Landeigendur Reykjahlíð	1.200.000
Mývatn	Verndun náttúruminja í Dimmuborgum, bæta inngang inn á svæðið og aðgengi um það	Skútustaðahreppur	4.000.000
Seljalandsfoss	Hreinlætisaðstaða og gönguleiðir	Rangárþing eystra	4.500.000
Arnarfjörður	Bygging salernisaðstöðu og þjónustuhús í Selárdal	Vesturbyggð	2.500.000
Látrabjarg	Bygging salernisaðstöðu við Látrabjarg	Vesturbyggð	2.500.000
Vatnsfjörður	Hreinlætisaðstaða í friðlandinu í Vatnsfirði	Hótel Flókalundur	1.500.000
			19.200.000
Styrkir til nýrra svæða			
Sveitarfélag / svæði	Verkefni	Umsækjendur	Styrkur
Norðurland eystra	Northern Costal Experience er samstarfsverkefni 15 aðila á norðurslóðum og byggir á strandmenningu þjóða, sótt er um til merkinga og upplýsinga við vita á austanverðu norðurlandi	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	750.000
Skaftárhreppur	Bæta aðgengi að hellasvæði við Miklafell, koma í veg fyrir skemmdir á hellunum og auka öryggi ferðafólks	Skaftárhreppur	500.000
Vestmannaeyjar	Pompei Norðursins ákveðið hefur	Nýsköpunarstofa	5.000.000

	verið að grafa upp gosminjar, grafin verða upp nokkur hús sem standa undir vikurlagi og útbúið sýningarsvæði með upplýsingum um gosið.	Vestmannaeyja	
Strandir	Kotbýli kuklarans, áframhaldandi uppbygging Galdrasýningar og aðstöðu í kringum hana í Bjarnafirði	Strandagaldur ses.	2.000.000
Súðavík	Reisa á fjöldskyldugarð fyrir Vestfirði á Súðavík staðsetur í gömlu byggðinni	Áhugafélagið Raggagarður	500.000
Pingeyri	Áframhaldandi uppbygging Víkingaverkefnisins, byggðir sölu- og vinnubásar öfl.	Félag áhugamanna um Víkingaverkefni á slóðum Gísla Súrssonar	1.000.000
			9.750.000